Kemur ut til sennarmarnan hvern Laugardag ekki minna en sex póst pappírsarkir í senn.

Sveitarbladid.

Uppsögn skriflegt bundin vit sennarmál. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyr 25. April. n.k.

Fjallfarinn

1. Árg.	4. Kerfi. 2. Blad	№ 8.

Vedramót Laugard 20/4. 1902

Ritnefnd.

Björnfónsson Jón Björnsson

Gudrún Björnsdóttir

Svar til S. Á. B.

Í 6. tölublaði Fjallfara stendur greinarkorn um „vinnumennsku og lausamennsku, og heldur höfundur mjög fram lausamennskustöðunni, sem hann telur mikið frjálslegri og að öllu leyti gróðavænlegri en vinnumennskuna, sem hann farir flest til foráttu. Eg sem þessar línur rita get ekki verið höfundi nefndrar greinar með öllu samdóma í áminnstu tilliti, eða fallist á skoðun hans. Mér finnst hann taka málið (er hann gjörir að umræðuefni), nokkuð einhliðaen það er ekki rétt. Það er sama hvaða umræðuefni menn taka fyrir, þá hlýtur að vera hverjum andsætt, að á málefnið þarf að líta og skoða það grandgæfilega frá fleiri hliðum.

Ad þú er snertir ritgjörd þessa eda efni
hennar, ætla ey ad láta stuttlega álit mitt
í ljósi

Höfundurinn telur þad einn þátt
í hinum hördu ófrelsisfjötrum vinnu-
mannsins ad hann sé húsbónda
sínum ad öllu leyti undirgefinn
og sé ekki sjálfráden gjörda sinna jafnt
á helgidögum sem endrarnær, hann
megi ekki gjöra nokkurt verk fyrir
sig nema fara fyrst til húsbóndans
og bidja hann leyfis þar til. Ey get ekki
kallad þetta eiginlegt ófrelsi; andvitad
á húsbóndinn samkvæmt vistarsam-
ningi rétt til þess ad vinnumaden-
inn vinni fyrir hann ad þeim verk-
um öllum er heimilid þarfnast og
samid hefir verid um ad hann vinni
yfir vistartímann, en aftur mun þad
optast vera ad húsbóndinn leyfi vinnu-
manni ad skreppa bæjarleid ef þann
þarfnast þess (og jafnvel) þótt á virkum

degi sé, og á sunnudegi mun þess fá
dæmi ad slíkt sé bannad. Til hins
munu fleiri dæmi ad húsbóndi sé
ekki bedinn um slíkt leyfi ef vinnu-
manni hugkvæmist ad bregda sér á bæ
eda gjöra hitt eda þetta í sínar þarfir.
Enn þótt nú madurinn sé í hinni
af höfundinum álitnu glæsilegu
lausamennskustétt er hann ad
mínu álit ekki mikid frjálsari
yfir hinn umsamda vinnutíma
heldur einmitt ófrjálsari. Daglanna-
menn fá langtum sídur frítíma
en vinnumadurinn nema ef vera
skyldi á helgidögum. Ætli lausingi
ad hafa sínar 240 kr uppúr ársvinnu
sinni, er hann allt annad en frjáls-
nei hann er sífellt bundinn og þad
langtum fastar en vinnumaden-
inn, og optast mun hann hafa erf-
idari vinnu. Enn fremur er ekki
ávalt víst ad lausingi hafi vinnu

hjá einum og sama húsbónda og
þá verður hann að leita fyrir sér og
ferðast til þess stundum sýslanna
á milli. Auðvitað er hann frjáls á mot
an slíkt ferðalag stendur yfir, en þá
vinnum hann sér heldur ekki neitt
inn, er slíkt ferðalag þar að auki
hvorki gráðavænlegt eða skemmtilegt
þú ætti hann sér annars að ferðast þannig
um, ætti hann sem efnaður gróða
maður að borga greiða á gistingarstö
um, en hitt mun nú aptast verð
ofaná fyrir lausamönnum að þeir
verði á ferðum sínum næsta fegnir
að fá allan fararbeina ókeypis hjá
bændum, og síst þá hvergi á þeim skína
gróði lausamennskunnar. — Auðvitað
er lausingi frjáls að þú í þessum
tilfellum hvort hann leitar sér at
vinnu eða leggur áraz í bát, en þá
koma líka ljótar eyður í tekjudálkinn
og innan skamms fer að rýmast

í buddunni, og allt fyrir það þó hann
ferðist um sem fínn flakkari en
til þess mun greinarhöfundur ekki
ætlast. Aptur á móti er vinnumað
urinn áhyggjulaus, og hefir enga ábyrgð
nema samvizku- og sið ferðis ábyrgð. Hann
fær sitt umsamda kaup hvernig sem
gengur. Hjá hinum er allt óvissara
og meira undir ár ferði og ýmsenni at
vikum komið.

Höfundur telur það auðvelt að
lausingjar fái yfir vorið 40-60 kr.
það hygg eg fullhátt reiknað; mitt átt
er að hver óvalinn daglaunamaður
fái þótt engar eyður sén í vinnuna
ekki hærra kaup en frá 35-40 kr. (brúttó)
en ýmislegur kostnaður getur ekki orðið
minni en 10 kr. þá er í hæzta lagi
30 kr. (nettó) eptir vorið, sem daglauna-
maðurinn hefir fyrir vinnu sína.
Þá kemur sumarið eða sláttarvinn-
an. Þá mun lausingi fá það kaup

er höfundur gjörir råd fyrir nefnil.
120 kr. en hann gleymir vist alveg ad
telja kostnad þann sem verdur ad drag-
ast frá þú kaupi, sem er verkfæri afl.
ad ótöldu skóledri, sem kaupamönnum
mun vidast skaffadyfir sláttinn en
sem venja er þó ad þeir leggi til sjálfir
vid adra daglaunavinnu. Ad lidnum
slættinum byrjar haustid og gjörir höf-
undur råd fyrir þú ad lausingi hafi
þar 30 kr. ad frádregnu allri útgjörd
og skinnklædum, þar er eg höfundi optur
ekki samdóma. Þad munu fleiri hanst
vertidir þannig gefast ad menn pyk-
ist sleppa vel ef þeir verdi skadlausir
af allri útgjörd, þar med talid skóledur
skinnklædi o. fl. Hitt ekki ~~ekki~~ óal-
gengt ad ekki aflist fyrir útgerd, og þá
andvitad minna en enginn af ganger
er lausingi hefir i allflestum árum
frá eptur haustid. Þá kemur veturinn
frá Jólum eda vertidarlokum. Þar
teler höfundur ad lausingi hafi upp

ér tímanum til vors 10 kr. Þarna
er eg enn efablandinn og van trú-
adur, þú fyrst er þad ad ekki er á-
vallt hlaupit ad þú ad þá atvinnu
vid fjármennsku, þá er komid
fram undir midjan vetur, og munu
þá flestir bændur, sem þurfa, hafa rád-
id til sín mann til fjárgeymslu og
sist ad kaup sé goldid fyrir þann tíma
Barnakennslu ekki andvelt ad kom-
ast ad, þar fullmargt er ordid af
þeim er hana stunda, og allmargir
menntadir menn fá enga atvinnu
ad vetrinum, og sist ef þeir eru
bundir vid annan starfa fram anaf.
Ad mínu áliti verda þá vinnulaun
lausingja i bezta tilfelli og gódu árferdi
þannig: Ad vorinu ef vinna fæst slita-
litid: kr. 30 (nettó). Ad sumrinu um
sláttinn ad frádregnum: orfi ljái og brýni
115 kr. Alls 145 kr nettó. Ad haustinu gjöri
eg råd fyrir ad hann sleppi skadlaus

Ad því bunn kemur veturinn
Hann fær ekki fjárhirdingu, laus-
ingi er ekki sinidur, né vefari, þú
situr annarskonar listamadur, og fær
því enga eda litla afvinnu, geber ekki
um þennan hárdasta tíma kom-
id sér fyrir til neinnar vinnu, og
ekki einnsinni sein matvinnung-
ur, en lausingi er fæddur med því
leida efli sem adrir Adamsnidjar ad
hann hefir maga er hann þarf 3svar
daglega ad láta ofani vöru þá er fæda
nefnist, en til þess ad uppfylla þarfir
hans eru ad visu til tvær færar leidir.
Er önnur sú ad skreidast um hérod-
in sem fúnn flakkari undir almenna
islenzka nafninu ferdamadur. Hin er
sú ad setjast einhverstadar ad og kaupa
fæti, en þar sem höfundur ekki hefir
búist vid ad svo mundi fara fyrir
lausingja sínum einsog eg ~~gjöri rád~~
~~fyrir~~ ærep á og vel getur komid

fyrir, þá ætla eg ad gjöra rád fyrir ads
höfundur vilji ekki ad lausingi gjörist
flækingur eda flakkgrari í sveitunni
en taki sitari kostinn er og nefndi og
kaupi sér fæti, frá fólum til vors
um 18. vikur. Fæti, hús næti, þjónusta
og rúm er lágt reiknad um daginn
0.75. eda 5,25 kr. um vikuna verdur þetta
yfir ádurnefndar 18 vikur Kr. 94,50
Vid þetta bætist ýms gjöld, til þrests
og kirkju, og sveitar fram yfir vinn-
manninn, sem menn eptir
nú gildandi lögum er skyldir ad greida c 6.00
Verdur þá eptir af vinnulaun- 100.50
um lausingja þótt hafi heilsu alltaríd 44.80
þar 10 kr. sem eg hefi áætlad lausingja til
skóleturs, sokka vetlinga og annars
smávegis, er vinnu madurinn fær ó-
keypis, er hid allra minnsta, og verdur
hann alls ekki byrgur eptir ár id þótt eydi
þessum 10 kr. Eitt er enn ótalid, sem
ekki er lítilsvert samkvæmt gildandi

hjúalögum, að húsbóndinn er skyldur til
eftir í sjúkdómstilfellum hjúsins að
annast það, þú að mestu kostnaðar-
laust yfir árið, og þótt vinnumaður
liggi veikur í hálfan mánuð um há-
sláttinn skal hann einskis í missa
af kaupi sínu, í samskonartilfellum
verður lausingi að missa kaup sitt
strax fyrsta daginn, sem hann ekki
getur unnið, en verður að borga allan
kostnað við legu sína hvort hún verð-
ur stutt eða löng. Má eg spyrja er
þetta nýnefnda hlunnindi ekki þess
vert að sé tekið til greina, á samt fleiru
sem drepið hefir verið á.

Bið eg sur hinn heiðraða greinar
höfund að yfir vega það sem hér er
sagt og bera það saman við reynslu
sína og rás viðburðanna og mun hann
þá sannfærast á þú að hjúaskaðan
verði langtum frjálsari, á hyggjusminni
og yfirleitt og vissari í flestum árum

fyrir allflesta vinnandi menn

Ritað á Ambrósíusarmessu

D. L.

Ferðasaga

(Framh.)

Þá er að geta 2 hirðmanna Bósa bláa
þeirem Hjalti hái og Köttur smái. Hjalti er
hár maður vexti og réttvaxinn, en sur
höfuðsmár er hann að slikt má heita
vanskapnaður. Hár hans er skolað en
augun grá. Hann er hirðskáld Bósa
konungs og hefir ýms embætti af hon-
um þegið. Þykir hann nokkuð einkenni-
legur í háttum sínum, fæst hann t. d.
á vetrum við hannyrðir og önnur störf
er konur vinna, en á sumrum liggur
hann í hernaði, enda er hann kappi
mikill í höggorustum. —

Köttur smái er honum ólíkur bæði

útliti og innri eiginleg leikum. Hann
er lítill maður vexti, og hefir einkenni-
lega líkamslögun. Höfudid er aforstórt
og ber mikid svart hálfhrokkid hár, sem
ordid er ad einni flókabendu, þvi ekki
hefir hann greitt þad í full 50 ár þá
hann bad Oddnýjar dóttir Hákonar Skaga-
jarls, en var synjad rádsins. Hefir hann
sídan svarid þad vid Ótinn er hann
trúir á ad vera aldrei sídan vid kvennmann
kenndur. Skeggid á Ketti er ad öllu likt
hárum nema litur þess er hvitgrár og
líkist þvi höfudid hans, á svarthosólt um kétti.
Ad öllu leyti má kalla manninn nyjög
ósýnilegan. Hann er maður sérvitur.
Blendin er hann í skaþi, illyrtur og ~~lygin~~
lýginn. Hann er matmaður mikill
og sagt er ad hann þurfi fædi 4 medal-
manna, en rándýrakjót er þó hans
mesta uppáhaldsfæda. Vestan verdu
vid Trakelfuna, á Bósi konungur
land allmikid, og skiptist þad í 2 fylki

Heitir þad sydra Hjaltland, en hid
nyrdra Kaldidalur. Yfir Hjaltland
hefir Bósi sett sem jarl fyrverandi-
rádgjafa sinn, þann er heitir Flosi hinn
frái. Hann er medalmaður á hæd en
heldur þrekinn. Er hann hvatlegur
maður, hardskiptinn er þvi er ad inæt
og hraustur vel. Hann er bardagam.
mikill og hefir verid sídan og man eþbi
landvarnarmaður Bósa. Burtreidarmaður
er hann mikill, og bogmaður hinn
bezti. Hann er sérlega frídur maður,
og er þad einasta þad sem honum má
til lasts leggja ad hann er svo tilbreyt-
ingasamur, ad vid ekkert getur hann
til lengdar unad, og engan hlut átt nema
skamma hrid. Opt á ári hefir hann
sagt af sér jarls embættinn og sótt um
adra sýslu, en þá er hann hefir fengid
veitingu fyrir henni, segir hann sig
frá henni og annad hvort sækir um
adra, eda sest aptur ad sem jarl í Hjalt

Ít yngri árum sínum hafdi hann
kaunskipti tvisvar á mánudi hver-
jum. Engan hlut átti hann aftar
en 40 daga ef hann gat vid hann
losast, enda er hann kaupmadur
mikill og vill græda fé en pad gengur
honum seinlega. Ekki hefir hann
enn rádit vid sig hvart hann eigi held-
ur pá er hér vist hans er lokit ad
taka sér vist i Valhöll eda Helheimi
en reynir ad grafast eptir á hverjum
stadnum jarlar hafi betri kjör og meiri
völd og virding. — Eptir Kaldadal rad-
ur annar Jarl Bósa: parfinnur hæg.
Hann er madur heldur ósýnilegur og
svipmikill. Hann er dökkur á brún
og brá litid vexti og fremur ómenni
legur, en hann sést ekki allur i senn
pri hann hefir marga hafileika gáda til
ad bera; Hann er smidur gódur, og smidar
hann bædi herskip og fleira er Bósi kon-

~~ungur~~

ungur parf ad láta smida. Hann er og
byggingameistari mikill og er yfirsmidi
ad flestum peim höllum er gjördar hafa
verid i pessu landi. Hann er visinda
madur mikill og miklum gáfum gædbur
Hversdagslega er hann hæverskur og gefst
öllum vel ad honum, er pekkja hann
pótt eigi sé hann mannblendinn.
Hann geldur Bósa mikinn skatt af
landinu og er pad helzt lögskinna vara.

Í sudur frá Vindlandi liggur geisi
stór landspilda sem afmarkast af ám á
alla vegu pessi landspilda skiptist i 2
riki hiitir hid nyrdra Kjarrland en hid
sydra Trölla tungur. — Fyrir Kjarrlandi
rædur Leifur lodni hann er madur litill
vexti en hæg fara hann hefir hár og skeg
svo mikid ad hvergi sest i andlitid og erit
ad sja sem út úr öllu anditinu vaxi hár
og pvi er hann „lodinn" kalladur engum-
serlegur bardaga madur er Leifur enda er hann
farinn ad gjörast gamladur. Ad Langafi hans var

vikingur vestur i Klettafjöllum og
lå úti vetur og sumar og gjördi ahlaup
á bendur i fjöllunum og rændi pafi
þurra. Med konu sinni Hallgerdi sem
er dóttir Hafurs hins hergjarna, hefir Leifur
átt mörg börn og eru helstir þurra sona þurra
Helgi fagri og Grimur hinn ústyrkji
~~Hel~~. Grímur er madur svartur á brún
og brá og ast ófrynn ásýndum og er allur
mjög ómunni legur. Sídann hann reis úr
ösku bingnum sem hann lå i á yngri ár
um hefir hann lítid dvalid hjá födur
sínum nú dvelur hann vid hird. Snarfara
konungs i Frisinbo. Grimur er madur
svo ústyrkur at ekki þarf medal kvenn
mann til ad vinna buga honum i af
raum. og svo er hann huglaus ad ekki
þorir hann ad koma á hestbak nema
á hudar deogar og ekki má hann mann
manns blód sjá. enda er hann ekkinn
mikill bardaga madur, enbaga madur
all gádur og afdur er hann i hannyrdum
Hann er frumur óhreinlyndur og illgjarn

i meira lagi. Hann er kvennamadur
mikill og á margar konur. Hann er
skart madur svo mikill ad margur
mundi taka feil á honum og kon-
unginum ef hann væri meiri fyrir
manni ad sjá. Helgi fagri er alveg
ólikur bródur sínum Grimi. ~~Hann~~
Hann er madur vel vopnfimur en
ekki eru högg hans þung. Hann er
landvarnar madur födur sins, og hefi
honum furduleja lekist ad halda full-
um fridi i rikinu sídan hann vard landv.
madur, þú ærid var þar róstusamt i fyrri
daga. Hann er bjartur á brún og brá, fródur
sínum, en smá vexti, enda ekki enn
fullvaxinn. Þad vesta vid Helga er þad at
hann er svo ósjálfstadur ad hver og einn
geten talid hann af skodun sinni. Helgi
er ad þú leyti sem ödru ólikur Grimi brát-
ur sínum ad hann hefir enga náttúru
fyrir kvennmenn og má þad ekki lá hon-
um, svo ungur sem hann er.
Fyrir Tröllatungu ræter Surtur svarti

hann er mæðr svo hár vexti að Goliat mundi sýnast sem litill ærenghnakki hjá Surti. Hefir hann hár og skegg svo mikið að vel getur sandfé dulist í prí, þó ekki mjög margt í einu. Hárið er svart og stallar hann það um herðarnar, er prí líkast að sjá þennan hár stall sem bikswart hannabelti. Málrómur hans er bæði hár og sterkur, og svo hræðilegur að flestum stendur ótti af er hann talar. Vitlhljóð hans ærist og allur kvikfenaðr er til heyrir, en konur og kjarklitlir menn skelfast innst í sínu hjarta. Hit sama er að segja um allt útlit hans þú hann er svo ósýnilegur að flestum stendur geigur af. Surtur er mesti berserkur, og liggur í hernaði sunnan og vetur. Hann á margar dætur sem allar eru konur Grims ústyrka. Suðvestur af Tellsmörk liggur hið viðáttumikla konungsríki Trisinbo, sem og hefi áðr getit um í sambandi við konung þann

er þar ræður fyrir, Snarfari a hins ofsafengna
Snarfari konungur er döfkur á hár en skegglaus og eru það álög á honum að honum vex ekki skegg. Hann er hár maðr vexti en heldur grannur og þú alltigulegur á velli. Hann er hvatlegur í framgöngu og upplitsdjarfur. Snarfari er ættaðr hér úr landi en á kyn sitt að rekja til svenskra sækonunga, og sjálfur var hann sækonungur á yngri árum sínum. (Sækonungur var það sem sat aldrei undir sótkum ási og drakk aldrei af arinskorni), og var hann þá mestur allra sækonunga og hafði svo stórt skip að annað eins hefir aldrei sézt hér við land. Lét hann skipið bera nafnið Ofsi, og sótti Snarfari aptr fram á Ofsanum í lið óvina sinna með svo miklum ákafa að engin stóðst er fyrir varð. Síðar kvongaðist hann Ingibjörgu dóttir ekkjudrottningar Margrétar hinnar auðgu, sem þá réð fyrir Trisinbo. Hefir ~~Stul~~ Snarfari aukið mjög ríkit vestur til fjallanna.

Einn hinn helsti af hirdmönn-
um Snorfara konungs i Frisinbo
er þórólfur rammi fóstbróðir Sturlaugs
stórhuga. Þórólfur er friður maður
sýnum ljós að yfirlitum. Hann
er stór vexti og ágætlega vaxum
Hann er skáld gott og sagt að
hann sé kraftaskáld, enda
er hann og hirdskáld Snorfara
konungs. Hann er glaðlyndur og
fyndinn i ordum, er hann og gáfu-
maður mikill og margvis og sem
ir segja að hann viti marga hluti
fyrir. Hann er mestur bardagamaður
i þessu landi og svo er hann
rammur að afli að vel mætti
hann Tyhraustur kallast. Hann
hefir um mörg ár verið landvarna-
armaður hins mikla rikis Snorfara
konungs, og hefir getið sér mikinn ardstyr
i viðureing við fjallaþjóðirnar i kring

Annars hirdmanns Snorfara kon-
ungs ~~hefir~~ Grims hins ústyrkva
hefir áður verið getið.
Þá er að geta ráðgjafa Margrétar —
audgu þórhalls digra. Hann er með-
almaður á hæð en mjög þrekinn.
Dökkur er hann yfirlitum með
grá augu. Hann er nú hniginn
mjög að aldri og er búinn að gegna
ráðgjafaembætti hjá ekkjudrottningu
Margrétu i fjölda mörg ár, og á yngri ár-
um var hann mikill bardaga-
maður og þótti þá bezti herfor-
ingi. Nú er hann mjög farinn að
kröftum og þreki, ardinn skapstirð-
ur mjög og kominn á hann elli-
glöp. — Annar hirdmaður Mar-
grétar er Hjörtur hinn spaki.
Hann er friður sínum, bjartur á sýnd-
um og hefir fagran og sterklegan lik-
hamsskapnað, og djarfmannlegt upp-
lit. Hann er maður hraustur og

bardagamaður mikill og engir þurfa
að binda um sár þau er hann veit-
ir. Hann er landvarnarmaður Margrét
ar drottningar og er riki hennar að honum
mikil stoð.

Þá er enn ógetið fylkiskonungs
eins sem ræður yfir fylki einu
vestur í fjöllunum fyrir vestan Tris-
inbo. Sá heitir Hárekur gamli. Hann
er hár maður vexti og gegnir furðu
hversu hann er beinvaxinn og tígu-
legur á velli svo gamall sem hann
er. Hann hefir dökkt hár á herðar
niður, en skegg hans sem báði hefir
verit mikit og svart er nú orðit all-
hærn skotit fyrir elli sakir. Þrátt fyrir
sinn háa aldur er hann þó her-
maður mikill, en ójafnaðarmaður
er hann engum svo ekki leggur
hann til orustu að fyrra bragði
en áreita skyldi hann engum þótt
liðsmun hefði nokkurn. Hann á

mörg börn og ern þau dreifð ít
um víða veröld, og ern honum þú
veik ellistoð. Af þeim er aðeins ein
dóttir heima. Drottning Háreks gamla
er nú og mjög við aldur, en var áður
talin kvennskörungur hinn mesti.

Þegar hér var komið kvaðst þór-
arinn hafa lýst fyrir mér öllum
helstu mönnum þessa mikla lands
þakkaði og honum frásögnina og vildi
halda til skips, en þórarinn kvaðst ekki
við mig skilja og fylgdist þú með mér
til skips. Hafði þá faðir minn beðið
um stund. Létum við svo í haf og
fylgdist þórarinn með mér og réðst á
skip með föður mínum. Okkur farn-
aðist vel og tókum land við Hítar
í Noregi eftir 7 daga siglingu.
Lýkur svo ferða sög þessari

Mr. Ts. Hrólfsson

Skógarhöggsmaðurinn

1. Það var einn morgun mætum reis af blundi
að menn eg sá er ritu foldu á
sól úr græti gengin vera mundi
og gaman var að líta um jörðu þá
Og blöktu geislar blitt í fjallablíðum
og blóm á jörðu liftu í friðarró,
unglömb sáfu sætt í dölum fríðum
en söngfuglarnir kvirðu sig í mó
2. Eg gekk um handver glaður nýög í bragði
og gaman hafði eg af þú að sjá
að sunnan skæra sælu Ísland vafði
og sólargeislum stráði foldu á.
Fossar steypast fram af klettamundu
og fram í æginn liðu fljólin blá,
allt í heimi unaðs fann þá stundu
er alla þessa dýrð nam heyra og sjá
3. Eg á skóga skunda burt frá þjáðum
það skal mig eina gleðja þennan dag
að margt mun falla af minni exi góðu
þú mætan finnur ekkert griðastað
min exi stýfir allt hvað fyrir verður
eykur falla bleikar foldu á
lauf og greinar líka einnig skerðir
og lamar fögru jarðarblómin smá
4. Eg stend hér einn í strängum lífsins stranni
mig styður engin vinarhöndin blíð
eg heyri glöggt í heimsins háum glanni
að hann er mér að rista naþurt níð,
eg hirði ei grand þó heimur um mig spjalli
hann er ei nema lýgi fals og svik
en sama er hvar og höfði minn halli
mér hrindir frá sér veröld ærit kvik.

Tsh

P. J.

Vöggusspá glapamannsins

Valvankvetur:

1. Hér sit eg alein
í húmi nætur
sæng viður
sveinsins fríða
og um í óforna
æfibrautir
mínum skarpsæju
skyggnist augum.
2. Megnar hér enginn
í myrkri njólu
trufla mig
í téðu starfi
skal og þú hiklaust
og hilmunar án
Skuldardóm
skoða hardan
3. Sé ek hér svein einn
svefni bundinn
eins veturs
og annars hálfs
blunda hann vært
og í blíðum draumi
nýtur allskyns
unaðsemda.
4. Enn hefir lævis
og illskublandinn
heimur heiptar
og hryðju verka
eigi náð
að umhverfa
sál saklausri
til synda og lasta.
5. Fram sé ek líða
fimmtán vetur
tekur æfi trant
óðum breikka
ganga glapstigir
frá greindri leiðir
er ungmenni skulu
á afveg tæla.
6. Fylgir vegfara
verndarengill
sá er vísa skal
veg óþekktan.
Gengur ótraudur
æskumaður
í skjóli hans
skrýddur dyggðum
7. Líst mér lífsferli
eigi langt komið
er hann tálsnörur
ótalþekja
og illsvaldanda
eitur kindur
heyja um sálstríð
vit heilög rögn
8. Hafa þær úllit
sem helga væru
gyðjur guðlega
og gott hyggjanda
en illskumettar
um ungmenni vilja
lykja þéttu
lastaneti
9. Fer hann lengi
á flæmingi undan
þeirra lokkandi
lymskubrögðum
Hyggur þó loks
hættu enga
þótt ljái eyru
ljúfum tónum
10. Ógæfuspor
eitt var stigið
það er ótalmörg
eptir leiðir
þú fanginn af þeirra
fagurgala
holl vinar ráð
heyra ei vill
11. Þá ek nú litið
fránum augum

andnuleysing
á ofveg leiddan
vélráð heims
vonzka og lestir
að gripnu her fangi
gaman henda
12. Raun er honum
að rödd hrópandi
þess er vill hann
þegi svikja
Megna loks kefja
kæru harðar
og þungum binda
þagna dróma
13. Lygð lævísi
lygi og hræsni
rönnu ógirni
rán og þýfni
grunnd glæfir
guðleysi og svik
á farinni braut hans
finnask nú gjörla
14. þú sem nú kvílir
í þægu rúmi
með ró saklausri
og sælu draumum
þola máth ángist
ógurlega
í fangelsi hnepptur
á hörðum bálki
15. Er-at þér vænna
annars að leita
en hjálpar þeirrar
er huggun veiti
þar til böðlar mér
þrengja kosti
og þig leiða hrelldan
á aftöku stað.
16. Sé ek óröðul
á austurhinnum
dreifa gullum
geisla safni.
Nú kýs þú valva
til náða að ganga,
af værum blundi
vakna þú sveinn.

L. D.

Kveðja Tjallfara

Um tilveru mína má segja hið
sama og allra annara náttúrlegra
hluta að hún sé sífelldum breytingum
undirorpin. Hlýt eg einna bezt að finna
til þess í þetta sinn er eg í seinasta skipti
á þessum vetri kem á ykkar heimili
kæru vinir mínir, til þess að þiggja af
ykkur allan þann greiða alúð og umhyggju
er þið getið og viljið mér í té láta. Síðan og
gjörðist starfandi meðlimur þessa fámenna
félags og til þessa tíma vil eg því í þetta sinn
gjöra mér sem styttsta en ljósasta grein, bæði fyrir
breytni annara gagnvart mér, og minni gagn-
vart öðrum, ~~gafnt~~ þeim sem teljast vildu vinir
mínir, stráx ~~frá~~ fyrstu, og hinum er engin
mök vildu við mig hafa. Að því er snertir mitt
eigið starf, þá verð eg að segja það álit mitt að
eg hafi leyst það svo vel af hendi sem eptir
öllum atvikum og kringumstæðum var hægt
af mér að heimta. Hafa og flestir þeir er hétu

mér i byrjun styrk sínum til þess ærengi-
lega efnt loforð sitt, og þeim get eg ekki þakkar
svo innilega og hjartanlega sem eg vildi og vert
væri. Þeim verð eg líka að geta þótt fáir séu, sem
ekki einungis hafa svo algjerlega sem hægt er
gengið á bak orða sinna við mig heldur og
gjört mér allt það til ógagns og svívirðing-
ar sem hinir veiku kraptar leyfðu. – Af
þeim er engu heiti bundust gat eg einskis
gáðs vænst, en þá ekki heldur ~~mins~~ ills, enda
hefir og svo orðið með þá allflesta ~~þót~~ og kann eg
þeim fremur þákk en vanþákk fyrir breytni
þeirra gegn mér. Aptur hafa nokkrir talað
lastyrði um mig en þó ljúgandi. Get eg eigi
undanfellt að tjá þeim mína stærstu vanþákk.
Að eg viki aptur til minna kæru styrktarmanna
þá verð eg að segja, að þótt mér hefði þótt æskilegast
að fram kald hefði orðið á samveru akkar á kamandi
sumri þá get eg hvorki né vil heimta af þeim að
þeir gefi sér þá nokkuru tíma til þess að hugsa
um kjör mín. En í þessum mínum kæru fjöll-
um vil eg helst ala aldur minn hvort hann verð
er lengri eða skemmri, en ekki annarstaðar þótt eg eigi
kostá. Óska eg svo öllum góðs og gleðilegs sumars og að
þeir mættu á því njóta allskyns gaðagands; mikils jarðar-
gróða og ár-sældar, en umfram allt óska eg að með inngöngu
næsta vetrar, risi akkur félag aptur upp úr dvalanum, enn
öflugra og fríðara en áður, og mætti þá sem lengst í eindrægni starfa
að sínu göfuga takmarki með gleði og góðum árangri. F. f. (L.D.) Einder

Ritnefnd